

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 301/2008

2010/EES/56/09

frá 17. mars 2008

## um aðlögun á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af aðildarlögunum frá 2003, einkum 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 882/2004<sup>(1)</sup> er komið á samræmdum ramma almennra reglna um skipulag á opinberu eftirliti til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt.

- 2) Nauðsynlegt er, með skírskotun til aðildar nýrra aðildarríkja árið 2004, að ljúka við skrána yfir yfirráðasvæði í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 þannig að öll aðildarríkin sé að finna í þessari skrá.

- 3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2004 að því er varðar Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Möltu, Pólland, Slóveníu og Slóvakíu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2008.

*Fyrir hönd ráðsins,*

I. Jarc

*forseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 85. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.18/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. Viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

(<sup>1</sup>) Stjtið ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt útgáfa í Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 (Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 4).

## VIDAUKI

## „I. VIDAUKI

**YFIRRÁÐASVÆÐI SEM UM GETUR Í 15. MGR. 2. GR.**

1. Yfiráðasvæði Konungsríkisins Belgíu
  2. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Búlgaríu
  3. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Tékklands
  4. Yfiráðasvæði Konungsríkisins Danmerkur, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi
  5. Yfiráðasvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands
  6. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Eistlands
  7. Yfiráðasvæði Írlands
  8. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Grikklands
  9. Yfiráðasvæði Konungsríkisins Spánar, að undanskildum Ceuta og Melilla
  10. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Frakklands
  11. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Ítalíu
  12. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Kýpur
  13. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Lettlands
  14. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Litháens
  15. Yfiráðasvæði Stórhertogadæmisins Lúxemborgar
  16. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Ungverjalands
  17. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Möltu
  18. Yfiráðasvæði Konungsríkisins Hollands í Evrópu
  19. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Austurríkis
  20. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Póllands
  21. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Portúgals
  22. Yfiráðasvæði Rúmeníu
  23. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Slóveníu
  24. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Slóvakíu
  25. Yfiráðasvæði Lýðveldisins Finnlands
  26. Yfiráðasvæði Konungsríkisins Svíþjóðar
  27. Yfiráðasvæði Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands“.
-